

Skólaráðsfundur 18. nóvember 2015

Fundinn sátu: P. Sandra Magnúsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Guðmundur Helgi Loftsson, Þorsteinn Guðmundsson, Róbert Smári Gunnarsson, Kristey Rut Konráðsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Indriði Einarsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs. Kári Marísson kom inn á fundinn sem húsvörður.

- Indriði kynnti fundarmönnum teikningar af skólalóð, aðgengi skólabíls og bílastæðinu við skólann og fór yfir hugmyndir að lóð og leiktækjum. Umræða var um hlið/grindverk við aðkomu skólabíls til að tryggja öryggi barna sem bíða eftir skólabílnum. Rætt um möguleika á nýju útskoti við körfuboltavöllinn sem yrði eingöngu fyrir skólabíl. Lýsing við skólann, bílastæði o.fl. var einnig til umræðu. Búið er að laga lýsingu við gangbraut á móti íþróttavelli.
- Fyrirhugaðar byggingafrankvæmdir ræddar í tengslum við frágang lóðar og leiktækja. Tillaga kom frá nemendafulltrúa um að nemendur hefðu eitthvað um það segja hvaða leiktæki væru sett niður og hvar. Stjórn nemendafélagsins er nýbúin að fara í alla bekki og kynna starf sitt og þar kom fram að nemendur hafa ákveðnar skoðanir á því hvaða leiktæki vantar á lóðina og hvar þau eiga að vera.
- Ákveðið var að setja saman nefnd í skólanum sem fer yfir teikningar að lóð og þær hugmyndir sem fyrir liggja. Nefndin hefur það hlutverk að gefa umsögn og koma með breytingatillögur.
- Fundarmenn lýsa áhyggjum af slæmri lýsingu á bílplaninu við skólann og rætt var um hvort hægt sé að fá lýsingu á bílplanið, a.m.k. til bráðabirgða þar til gengið verður frá planinu.
- Rætt um viðhald A-álmú sem er orðið afar brýnt. Ákveðið var að senda bréf til sveitarstjórnar varðandi viðhald A-álmú annars vegar og öryggismál við skólann hins vegar.